

Nr. 148

29. janúar 2019

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Borgarbyggð.

*Bjargsland II í Borgarnesi, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Bjargsland II í Borgarnesi. Að mati sveitarstjórnar Borgarbyggðar er nú talin þörf á að breyta framboði byggingarlóða þannig að færri lóðir verði fyrir einbýlishús en fleiri fyrir raðhús og smærri íbúðir. Ennfremur er talið nauðsynlegt að koma fyrir veggengingu að næsta fyrirhugaða íbúðasvæði, en það svæði er áætlað norðan við Bjargsland II. Ofantalin atriði og ákvörðun um að stækka skipulagssvæðið til norðurs og bæta við það atvinnulóðum við Egilsholt, leiddu til þess að ákveðið var að uppfæra skipulagið í heild þ.e. uppdrátt, skipulagslýsingu og skipulagsskilmála. Málsmeðferð var samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Borgarnesi, 29. janúar 2019.*

**Gunnlaugur A. Júlíusson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. febrúar 2019